

er ekki breytt með lögum 21. sept 1883, að skipstjóri og stýrimaður á dönskum skipum, **73**
sem gerð eru út frá einhverjum stað á Íslandi, sju heimilisfastir í hinu danska ríki. 15. júlí.

Til þess sem skipstjóri og stýrimaður að geta farið með skip það, er hjer um ræðir og heima á á Íslandi, verða menn þeir, er að ofan eru nefndir þess vegna að eiga fast heimili á Íslandi eða í Danmörku, svo að segja megi eptir öllum þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi eru, að þeirra rjetta heimili sje þar. Einsog það í því tilliti ekki er nægilegt að þeir hafi fengið borgarabréf í einhverjum íslenzkum kaupstað, þannig mun að hinu leytinu það atriði, að þeir dvelja í Noregi næsta vetur, sem þeir eðlilega ekki þurfa leyfis til, eigi í sjálfu sjer útiloka að þeir geti skoðast sem heimilisfastir á Íslandi, en eigi verður borið móti því, að för þeirra frá Íslandi og dvöl í Noregi allan veturinn getur hæglega haft áhrif á, hvernig skorið verður úr því, hvort þeir fullnægi því skilyrði laganna, sem nýlega var minnst á, eða ekki, en frá þessu skilyrði getur ekki verið umtalsmál, að veita þeim undanþágu.

Þarsem amtmaðurinn yfir suður- og vesturamti Íslands hefur við þetta tækifæri talið æskilegt, að ráðgjafinn ljeti í ljósi skoðun sína um, hvort íslenzk lög setji nokkur önnur skilyrði en það, er nefnt hefur verið fyrir því, að vera skipstjóri eða stýrimaður á íslenzku fiskiskipi og einkum um það, hvort heimta megi að menn þeir, er hjer ræðir um, hafi tekið próf í sjómannafræði eða hafi önnur skýrteini fyrir, að þeir kunni að stjórna skipi, þá skal eigi látið hjálíða að bæta því við, að ráðgjafinn ætlar að svo sje eigi.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um aukning á innstæðu „styrktarsjóðs handa þeim er bíða tjón af jarðeldi á Íslandi“. — Í 24. júlí. **74**
þóknanlegu brjefi 17. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá, að innistandi á vöxtum í verzlun Gránufjelagsins á Vestdalseyri 1045 kr., sem safnað hafi verið á sínum tíma fyrir milligöngu Tryggva alpingismanns Gunnarssonar og Jóns landritara Jónssonar til styrktar þeim, sem biðu tjón af öskufallinu 1875, en aldrei hafi verið útbýtt, og hafið þjer og amtsráðið lagt það til, að fje þetta, sem engin upplýsing liggur fyrir um að gefendurnir hafi gjört nokkura sjerstaka ákvörðun um, hvernig verja skyldi, verði lagt við innstæðu hins svonefnda styrktarsjóðs handa þeim, sem bíða tjón af jarðeldi á Íslandi, sem stendur undir stjórn landshöfðingja.

Með því að jeg er yður og amtsráðinu samdóma um, að fje þetta eigi að leggjast við fyrnefndan styrktarsjóð, skal jeg hjermeð þjónustusamlega skora á yður að sjá um, að það verði sent mjer í þessu skyni, ásamt skilríkjum þeim og skilagreinum fyrir stærð þess, sem fengizt geta.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um kaup og sölu á suðurstofunni í fangahúsinu á Akureyri. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 25. 31. júlí. **75**
óktóber f. á., hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá, að amtsráðið hafi ályktað að kaupa suðurstofu fangahússins á Akureyri, er bæjarstjórnin þar á, og ætluð hefur verið til fundarhalda hennar, handa amtsbókasafninu fyrir 1000 kr., sem borgist á 10 árum með 100 kr. á ári þannig, að fyrsta afborgun eigi sjer stað 11. júní 1886 og hafið

75 Þjer, fyrir hönd amtsráðsins og eptir beiðni bæjarstjórnarinnar á Akureyri, farið þess á 31. júlí leit, að jeg veitti samþykki mitt til hinna umræddu kaupna.

Fyrir því skal yður þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg veiti hjer með hið umbeðna samþykki, en jafnframt skal þess getið, útaf því sem tekið er fram í ofan nefndu brjefi yðar um tryggingu hinnar umræddu stofu gegn eldsvoða, að stofa þessi er innifalin í þeirri brunabótaábyrgð fyrir 9500 kr., sem á sínum tíma var keypt fyrir fangahúsið á Akureyri samkvæmt virðingu á öllu húsinu, og álit jeg því að það væri eðlilegast að eigandi stofunnar greiddi tiltölulegan hlut af brunabóttagjaldinu af fangahúsinu eða $\frac{2}{27}$ af því, einsog á sjer stað um lóðargjald og kirkjugjald af því, og fengi aptur á móti tiltölulegan hlut í ábyrgðarfjenu, ef til þess kæmi að fangahúsið brynni, en þetta hefur bæjarstjórnin hingað til ekki viljað gjöra. Jeg skal því, með þeirri athugasemd að brunabóttagjaldið af fangahúsinu öllu er á ári 47 kr. 50 a., skjóta því til yðar, hvort þjer, eða amtsráðið, viljið eptirleiðis fyrir hönd jafnaðarsjóðsins taka þátt í brunabótatryggingu fangahússins á þann hátt, sem nú hefur sagt verið.

76 Brjef landshöfðingja til póstmestarans í Reykjavík um endurgjald fyrir glat-
17. ág. aðar póstsendingar. — Með því að það er upplýst orðið með prófum þeim, sem haldin hafa verið útaf póstpjófnadi Magnúsar fyrrum vestanpósts Sigurðssonar, að hann meðal annars hefur stolið úr sjálfs síns hendi:

1. Peningasendingu frá Árna Finnssyni í Bæ á Rauðasandi til konsúl M. Smiths í Reykjavík að upphæð 200 kr. sem hann tók við utantösku hjá póstafgreiðslumanninum á Bæ í Króksfirði til þess að skila henni til póstafgreiðslumannsins í Hjarðarholti í Döllum.
2. 170 kr. úr peningasendingu frá Jóni söðlasmið Jónssyni á Laugabóli til M. Meyers í Kaupmannahöfn, sem hann tók við í Vatnsfirði og átti að afhenda póstafgreiðslumanninum í Bæ í Króksfirði

og með því að þeir, er sendu peningana hafa æskt skaðabóta fyrir missi þeirra, samkvæmt því, sem þjer skýrðuð mjer frá, herra póstmestari, í þóknanlegu brjefi 24. marz f. á., þá vil jeg hjer með skora á yður, að útborga þeim samkvæmt 13. gr. tilskipunar um póstmál 26. febr. 1872 upphæðir hinna glötuðu peninga og tilfæra upphæðirnar sem gjöld fyrir póstsjóðinn.

Að því er aptur á móti snertir sendingu þá, er ræðir um í ofan nefndu brjefi yðar, peningabrjef að upphæð 50 kr. frá Jakobi Björnssyni til Oddbjargar Björnsdóttur á Vatneyri, þá hefur það ekki orðið upplýst, hvernig á hvarfi þessarar sendingar stendur, en þar með sendingin var talin á póstsendingaskrá frá Stað í Hrutáfirði til Hjarðarholts í Döllum, og póstafgreiðslumaðurinn í Hjarðarholti samt ekki getur gjört neina grein fyrir, hvað um hana hafi orðið, eða hvort hún hefur nokkur tíma komið að Hjarðarholti, en ef svo hefði eigi verið, hefði hann átt að gjöra athugasemd um það á póstsendingaskrána frá Stað — þá verður póstafgreiðslumaður þessi að standa landssjóðnum, sem verður að greiða sendanda skaðabætur fyrir missi sendingarinnar, skil á upphæð þeirri, sem í peningabrjefinu var, 50 kr., og vil jeg biðja yður að tilkynna póstafgreiðslumanninum þetta, og leggja fyrir hann að greiða þessar 50 kr. hið fyrsta í póstsjóðinn, en